Fundargerð 928. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 2. júní kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Nanný Arna Guðmundsdóttir hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjarasamningar - 2304027SA**

   Formaður og Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, gerðu grein fyrir stöðu mála í samningaviðræðum við BSRB. Í máli Ingu Rúnar kom fram að staðan sem upp er komin sé alvarleg og hefur því miður haft áhrif á fjölda aðila. Tók hún skýrt fram að samninganefndin leggi áherslu á að klára samning við BSRB eins fljótt og hægt er.

   Stjórn sambandsins þakkar fyrir upplýsingarnar og ítrekar að samninganefnd sambandsins hefur fullt umboð til kjaraviðræðna við BSRB félög í samræmi við það sem rætt var um á fundinum.

2. **Kjarasamningar 2023 - verkfallsboðun aðildarfélaga BSRB - 2304027SA**

   Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins greindi frá fundum með framkvæmdastjórum sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 09:15

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026